

## Rýnihópur barna á frístundaheimili - viðtalsrammi

### Kafli 1 – Stjórnun

1. Getið þið sagt okkur frá því sem þið gerið hér á frístundaheimilinu?
2. Hvernig finnst ykkur að vera á frístundaheimilinu? (gaman/leiðinlegt)
3. Hittið þið forstöðumanninn oft?
4. Talið þið oft við hann? (ræktar forstöðumaður samskipti)
5. Eruð þið spurð hvernig þið viljið hafa frístundaheimilið?
6. Fáíð þið stundum að ráða? ( Er hlustað?)
7. Ef ykkur langar til að gera eitthvað sérstakt hérna, við hvern talið þið? Komið þið stundum með hugmyndir að því sem þið gerið hér?

### Kafli 2 – Frístundastarf félagsmiðstöðvar

1. Eruð þið með stundaskrá? Vitið þið hvað þið eruð að fara að gera þegar þið komið hingað, vitið þið hver dagskráin er? Hvernig fáíð þið að vita hana?
2. Eru verkefnin skemmtileg? Hvernig eru þau? Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera? En leiðinlegast? (fjölbreytt áhugasvið)
3. Hvað gerist ef þið viljið gera eitthvað annað en það sem þið eruð að gera?
4. Hver ræður hvað þið gerið hér á frístundaheimilinu?
5. Fáíð þið stundum að ráða verkefnunum inni? En úti? En í valinu?
6. Koma stundum gestir í heimsókn?
7. Hvað gerið þið þá?
8. Þurfið þið stundum að undirbúa þegar gestir koma?
9. Farið þið stundum í ferðir?
10. Hver ræður hvert er farið?
11. Takið þið þátt í fundum?
12. Vitið þið hvað þið eigið að gera ef eldur kemur upp?

### Kafli 3 – Mannauður

### Kafli 4 – Staðarbragur

13. Er gott að vera á frístundaheimilinu?
14. Hvernig líður ykkur þegar þið eruð hér?
15. Finnst ykkur allir vinna saman? (samvinna, samábyrgð)
16. Finnst ykkur að hlustað sé á það sem þið segið? (virðing, samkennd)
17. Gerið þið stundum eitthvað hér sem þið hafið aldrei gert áður? (takast á við áskoranir)
18. Er þetta gott frístundaheimili? (ánægja/óánægja)
19. Finnst ykkur þið vera örugg hér á frístundaheimilinu?
20. Lítið þið upp til starfsfólksins? Finnst ykkur þau vera flottar fyrirmyndir?
21. Ef ykkur liggur eitthvað sérstakt á hjarta, getið þið rætt það við starfsfólkið?
22. Þekkið þið reglurnar?
23. Hvernig eru reglurnar búnar til?
24. Fylgja allir reglunum? (starfsfólk)
25. Hvernig talar starfsfólkið við ykkur? Eruð þið hvött áfram og fáíð þið hrós?

26. Hvað gerist ef einhverjir eru ósammála eða fara að rífast?
27. Hvað gerist ef einhver hegðar sér illa?
28. Hvernig fáið þið að vita þegar þegar þið eruð að fara eitthvað eða einhverjir eru að koma í heimsókn?

#### **Kafli 5 – Innra mat og umbótastarf**

29. Vitið þið hvað innra mat er? Ef svo er takið þið þátt í því?
30. Hafið þið farið áður í svona rýnihóp?
31. Eruð þið spurð um hvernig þið viljið hafa starfið og hvort þið viljið breyta einhverju? Ef svo er hvenær og hvernig?
32. Svárið þið stundum könnunum um starfið á frístundaheimilinu?